

Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 12. október 2017 - R17100004

Málsnr.	Erindi:	Afgreiðsla:
	Fundargerðir:	
R17010024	Fundargerð 448. fundar stjórnar samtaka Sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
	Annað:	
R17010050	Bréf samráðsnefndarar Félags stjórnenda leikskóla, dags. 4. október 2017, og ályktun samráðsnefndar um stöðu barna, dags. 28.-29. september 2017.	Sent borgarfulltrúum og skóla- og frístundasviði til kynningar.
R17010047	Dagskrá vinnuverndarráðstefnu í borgarnesi 6. október: Er hægt að eldast í ferðapjónustu	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R17100091	Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um útfærslu skipulags á Ártúnshöfða, dags. 5. 10. 2017.	Sent umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.
R17010233	Mánaðarskýrsla lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu með afbrotatölfræði fyrir september.	Send borgarfulltrúum til kynningar.
R17100175	Boð Unnar Guðjónsdóttir, dags. 9. október 2017, um að grunnskólabörn úr Austurbæjarskóla heimsæki Kínasafn Unnar.	Send skóla- og frístundasviði til meðferðar.
R17010045	Erindi sambands íslenskra sveitarfélaga um skráningu á Skólaping sveitarfélaga 2017: Á ég að gera það.	Sent skóla- og frístundasviði til kynningar.
R17100070	Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úttekt á kostnaði og aðgerðum vegna veikinda starfsmanna Reykjavíkurborgar.	Sent starfsmannastjóra til umsagnar.
R17100072	Tillaga borgarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um að skerpa á innkaupareglum Reykjavíkurborgar til að sporna við hugsanlegu kennitölulakki.	Sent fjármálaskrifstofu til umsagnar.
R17020105	Beiðni norræna hússins um þátttöku Reykjavíkur í framkvæmdum við húsið, dags. 19. desember 2017.	Sent umhverfis- og skipulagssviði til meðferðar.



STJÓRN SSH 448. fundur

Mánudaginn 2. október 2017, kl. 13:00, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu samtakanna, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur L. Haraldsson, Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson og Bryndís Haraldsdóttir.
Fjarverandi: Haraldur Sverrisson og Guðný Ívarsdóttir.

Páll Guðjónsson framkvæmdastjóri SSH, sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.
Hrafnkell Á Proppé svæðisskipulagsstjóri sat ennfremur fundinn.

Stjórnarformaður SSH Ármann Kr. Ólafsson setti fund og stýrði.

Þetta gerðist:

1. Málefni skíðasvæðanna /málsnr. 1501005

Fundinn sátu undir þessum dagskrárlið Eva Einarsdóttir, formaður samstarfsnefndar skíðasvæðanna og Ómar Einarsson, sviðsstjóri ÍTR.

a) Rekstrar- og framkvæmdaáætlun skíðasvæðanna fyrir 2018

Eftirfarandi gögn lágu fyrir við umfjöllun um þennan lið:

- Rekstraruppgjör fyrir tímabilið janúar – júní 2017
- Breyting á fjárhagsáætlun 2017
- Fjárfestingaáætlun 2018
- Tillaga að gjaldskrá skíðasvæðanna 2018
- Tillaga að rekstraráætlun skíðasvæðanna 2018

Umræður.

Niðurstaða:

Í samræmi við ákvæði í grein 2.1. og 2.4 í samstarfssamningi sveitarfélaganna um rekstur skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins voru meginforsendur rekstrar- og framkvæmdaáætlunar skíðasvæðanna samþykktar og jafnframt að senda þær aðildarsveitarfélögunum vegna gerðar fjárhagsáætlana þeirra fyrir árið 2018.

b) Ástand og endurnýjunarþörf skíðalyfta

Fyrir fundinum lá undir þessum dagskrárlið minnisblað frá Uppstreymi, verkfræðipjónustu um valkosti áframhaldandi rekstrar á eldri stólalyftum í Bláfjöllum og Skálafelli.

Umræður

Upplýst var að á vegum samstarfsnefndar skíðasvæðanna sé nú unnið að heildarúttekt og stefnumótun varðandi viðhald og endurnýjun skíðalyftanna. Niðurstaða þeirra vinnu mun liggja fyrir um nk. áramót. Sömuleiðis var upplýst að væntanlega verði hægt að ljúka vinnu starfshóps sem skipaður var til að draga fram niðurstöður varðandi framtíðarrekstur skíðasvæðis í Bláfjöllum m.t.t. vatnsverndar höfuðborgarsvæðisins fyrir lok ársins.



Niðurstaða:

Samþykkt að fresta frekari umræðu um málið þar til ofangreindar niðurstöður liggja fyrir.

2. Húsnæðismál og lóðaframboð /málsnr. 1703008

- a) HÁP gerði grein fyrir yfirstandandi vinnu við greiningu og áætlanir sem er í gangi á grundvelli „Húsnæðissáttmála – aðgerðir stjórnvalda í húsnæðismálum“ sem sett var á laggirnar í maímánuði sl. Jafnframt var farið yfir stöðu á gagnasöfnun SSH vegna þessa.

Umræður

Niðurstaða:

Samþykkt að óska eftir því að verkefnisstjóri verkefnisins komi til fundar við stjórn SSH sem fyrst og kynni betur verkefnið og stöðu þess.

3. Aðalfundur SSH 2017

Rætt var um undirbúning v. aðalfundar SSH sem haldinn verður í Mosfellsbæ 3. nóvember nk. ásamt ársfundum byggðasamlaganna.

Formanni og framkvæmdastjóra falið að annast undirbúning og uppsetningu dagskrár í samráði við formenn og framkvæmdastjóra byggðasamlaganna.

4. Önnur mál

- a) Erindi frá FÍLD – Félagi íslenskra listdansara vegna styrkja með grunnnámi í listdansi til samræmis við styrki með grunnnámi í tónlist. /málsnr. 1504009

Samþykkt að vísa erindinu til umsagnar hjá skólamálnefnd SSH

- b) Erindi frá Rannsóknarsetri verslunarinnar og VSÓ vegna greiningar á samspili dagvöruverslunar og skipulagsmála. /málsnr. 1710001

Samþykkt að fela framkvæmdastjóra og svæðisskipulagsstjóra að ræða við bréfitara og afla frekari upplýsinga um málið.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 14:00


Reykjavík, 4. október 2017

B.t. Skólanefndar*

Samráðsnefnd Félags stjórnenda leikskóla (FSL) hefur miklar áhyggjur af stöðu barna í leikskólum, meðal annars vegna of lítills rýmis, fjölda barna í hóp og lengd dvalartíma eins og niðurstöður skýrslu OECD „Starting strong“ sýnir (http://www.oecd-ilibrary.org/education/starting-strong-2017_9789264276116-en).

Samkvæmt skýrslu OECD eigum við met hér á landi í dvalartíma nemenda okkar, bæði í klukkutímum á dag og fjölda daga á ári.

Myndin hér að neðan sýnir þróun dvalartíma 1998 – 2016 (tölur frá Hagstofu Íslands).



Árið 1998 voru 40,3% nemenda með 8 klst. eða lengri dvalartíma en árið 2016 var þessi hópur 87,3%.

Samráðsnefnd Félags stjórnenda leikskóla (FSL) sendi frá sér ályktun um stöðu leikskólabarna eftir fund sinn 28. – 29. september 2017. Hún er nú send á skólanefndir sveitarfélaga til umfjöllunar. FSL lýsir sig reiðubúið til viðræðna og til ráðgjafar til að bæta starfsaðstæður nemenda okkar.

Virðingarfyllt,
Sigurður Sigurjónsson, starfandi formaður FSL
sigurdur@ki.is

**Nefnd, kjörin af sveitarstjórn, fer með málefni leikskóla í umboði sveitarstjórnar. Leikskólastjórar, starfsfólk leikskóla og foreldrar í sveitarfélagi kjósa hver úr sínum hópi aðal- og varamann til setu á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Þessu til viðbótar koma verkefni nefndarinnar til tals í greinum 11, 14, 28 og 30 í lögum um leikskóla.*

Ályktun frá samráðsfundi Félags stjórnenda leikskóla

Flúðum 28. - 29. september 2017.

Samráðsnefnd FSL vill koma á framfæri áhyggjum sínum um stöðu barna í leikskólum landsins. Skýrsla OECD sýnir að börn á Íslandi hafa lengsta viðveru hvern dag og flesta leikskóladaga á ári.

Rými fyrir hvert barn í leikskólum á Íslandi er of lítið með tilliti til fjölda barna og dvalartíma. Mikið álag er fyrir ungt barn að vera í stórum hópi í litlu rými svo langan dag. Viðvera barna hefur aukist síðustu ár og dvelja þau í leikskóla að meðaltali yfir átta klukkustundir á dag.



Áhyggjur okkar beinast að því að börn geti orðið fyrir röskun á geðtengslamyndun sem getur leitt til kvíða og einbeitingarskorts. Viðvarandi starfsmannavelta eykur einnig á þennan vanda. Við viljum beina orðum okkar til foreldra, sveitastjórna/rekstraraðila leikskóla og til atvinnulífsins alls.

Stöndum saman að velferð barna og finnum leiðir til að bæta aðstöðu þeirra nú og til framtíðar.

Samráðsnefnd Félags stjórnenda leikskóla

BORGARRÁÐ 5.10.'17: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um útfærslu skipulags á Ártúnshöfða - R17100091

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins óska eftir upplýsingum um hvernig borgaryfirvöld standa að vinnu við útfærslu skipulagsins á Ártúnshöfða. Hvað hefur verið gert, hvaða fundir hafa verið haldnir og hvernig stendur til að fara í áframhaldandi vinnu. Hvernig hefur samskiptum við eigendur húsa á svæðinu verið háttað?



Afbrotatölfræði

september 2017



Aðferð

Í skýrslu þessari eru teknar saman mánaðarlega lykiltölur embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Einungis er um bráðabirgðatölur að ræða. Fjöldinn getur breyst með brotum sem kærð eru seint og því verið frábrugðinn endanlegum tölum.



Hér að neðan er fjöldi afbrota í september borinn saman við meðalfjölda brota síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan út frá staðalfrávikum. Með því að reikna staðalfrávik er hægt að áætla neðri og efri mörk brota síðastliðna sex og 12 mánuði á undan sem nýtast til þess að leggja mat á hve marktækar breytingarnar í september eru miðað þessi mörk.

	Ágúst 2017	September 2017	Staða breytinga m.v. 6 mán.	Staða breytinga m.v. 12 mán.
Hegningarlagabrot	853	874	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Þjófnaður	397	401	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Þjófnaður - innbrot	73	81	Fjölgar	Innan marka
Manndráp og líkamsmeiðingar	97	105	Innan marka	Innan marka
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	6	3	Innan marka	Innan marka
Kynferðisbrot	19	23	Fjölgar	Fjölgar
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	5	8	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	114	130	Innan marka	Fjölgar
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	37	41	Fjölgar	Mikil fjölgun
Fíkniefni	127	98	Mikil fækkun	Fækkar
Umferðarlagabrot	1.128	698	Mikil fækkun	Fækkar
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	133	128	Innan marka	Innan marka
Ölvun við akstur	82	78	Fækkar	Innan marka
Innbrot á heimili	27	25	Innan marka	Innan marka



Hegningarlagabrot

- Skráðar voru 874 tilkynningar um hegningarlagabrot í septembermánuði. Eru það fleiri tilkynningar en bárust í ágúst.
- Skráðum hegningarlagabrotum fjölgaði mikið í september miðað við útreiknuð eftri mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði.
- Það sem af er ári hafa borist um þrjú prósent fleiri tilkynningar um hegningarlagabrot en að meðaltali sl. þrjú ár á undan.




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Hegningarlagabrot	September 2017	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	874	746	688	804	143	20%	Mikil fjölgun
12 mánaða meðaltal	874	731	665	804	128	17%	Mikil fjölgun




- Skráð var 401 tilkynning um þjófnað í september. Tilkynntum þjófnum fjölgaði miðað við ágúst mánuð.
- Tilkynningum um þjófnaði fjölgaði mikið miðað við útreiknuð efri mörk síðustu sex og síðustu 12 mánaða á undan.
- Tilkynningum um innbrot, hnúpl og annars konar þjófnaði fjölgaði á milli mánaða. Tilkynntum farsíma- og reiðhjólþjófnum fækkaði.
- Það sem af er ári hefur tilkynningum um þjófnaði fækkað um fjögur prósent samanborið við meðalfjölda síðustu þriggja ára á undan.




	sep	okt	nóv	des	jan	feb	mar	apr	maí	jún	júl	ág	sep
þjófnaður - innbrot	66	60	95	69	92	49	70	88	65	60	52	73	81
þjófnaður - hnúpl	83	97	85	79	96	85	97	77	88	59	67	68	83
þjófnaður - gsm	36	40	48	47	39	36	45	27	41	49	38	49	31
þjófnaður - reiðhjól	68	48	19	13	7	12	15	31	51	48	47	68	50
þjófnaður - annað	107	92	89	78	103	85	107	91	82	98	112	139	156
þjófnaður alls	360	337	336	286	337	267	334	314	327	314	316	397	401

þjófnaður	September 2017	Meðalt.	Mörk Neðri	Mörk Efri	Breyting frá meðalt. +/-	Breyting frá meðalt. %	Staða breytinga
6 mánaða meðaltal	401	334	304	363	67	20%	Mikil fjölgun
12 mánaða meðaltal	401	327	295	359	74	23%	Mikil fjölgun




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

- Í september barst 81 tilkynning um innbrot til lögreglu. Tilkynntum brotum fjölgaði á milli mánaða.
- Fjöldi tilkynninga um innbrot fjölgaði miðað við útreiknuð efri mörk fyrir síðustu sex mánuði á undan.
- Á milli mánaða fjölgaði innbrotum í fyrirtæki, verslanir og stofnanir mest, eða um rúmlega 64 prósent.
- Það sem af er ári hefur tilkynningum um innbrot fækkað um 11 prósent samanborið við meðaltal síðustu þriggja ára á undan.





Annað	0	2	1	1	2	2	1	4	2	1	0	1	1
Fyrirtæki/stofnun	12	19	28	18	40	12	19	24	20	18	14	12	21
Heimili/einkalóð	36	20	36	32	37	16	33	38	26	25	22	28	33
Ökutæki	19	19	30	18	13	20	18	22	17	16	16	31	26
Innbrot alls	66	60	95	69	92	49	70	88	65	60	52	73	81

Innbrot	September 2017	Meðalt.	Mörk Neðri	Mörk Efri	Breyting frá meðalt. +/-	Breyting frá meðalt. %	Staða breytinga
6 mánaða meðaltal	81	68	11	57	79	13	Fjölgar
12 mánaða meðaltal	81	70	14	56	84	11	Innan marka



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

- Í september bárust 105 tilkynningar um ofbeldisbrot. Tilkynningum fjölgaði á milli mánaða.
- Skráð ofbeldisbrot voru innan útreiknaðra marka fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa 14 prósent fleiri tilkynningar um ofbeldisbrot borist lögreglu samanborið við meðaltal fyrir sama tímabil síðustu þriggja ára á undan.



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Ofbeldisbrot	September 2017		Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
		Meðalt.	Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	105	102	92	112	3	3%	Innan marka
12 mánaða meðaltal	105	102	91	113	3	3%	Innan marka


Ofbeldi gagnvart lögreglumanni

Ofbeldi gagnvart lögreglumanni


- Í september voru skráð þrjú tilvik þar sem lögreglumaður var beittur ofbeldi.
- Það sem af er ári hafa verið skráð um þrjú prósent fleiri tilvik þar sem lögreglumaður var beittur ofbeldi og að meðaltali síðustu þrjú ára á undan.

Hótun um ofbeldi gagnvart lögreglumanni


- Í september voru skráð fimm tilvik þar sem lögreglumanni var hótað ofbeldi.
- Það sem af er ári hafa verið skráð um 37 prósent fleiri tilvik en að meðaltali síðustu þrjú ára áður.



Ofbeldi gagnvart lögreglumanni



Hótun um ofbeldi gagnvart lögreglumanni




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu





Kynferðisbrot—dags. brots



- Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu bárust 23 tilkynningar um kynferðisbrot sem áttu sér stað í september.
- Fjöldi tilkynninga um kynferðisbrot í september fjölgaði miðað við útreiknuð efri mörk fyrir síðustu sex mánuði á undan.
- Tilkynningar um kynferðisbrot voru um þrjú prósent fleiri samanborið við meðalfjölda fyrir sama tímabil árin 2014 til 2016.

Hér er fyrir neðan er fjöldi kynferðisbrota sem áttu sér stað í hverjum mánuði fyrir sig á tímabilinu.




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Kynferðisbrot	September 2017	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	23	20	18	23	3	14%	Fjölgar
12 mánaða meðaltal	23	19	15	22	4	23%	Fjölgar





Kynferðisbrot—dags. tilkynnt



- Tilkynnt var um 35 kynferðisbrot í september.
- Fjöldi tilkynninga um kynferðisbrot fjölgaði í september samborið við útreiknuð efri mörka fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Tilkynntum kynferðisbrotum hefur fjölgað um 19 prósent miðað við meðaltal fyrir sama tímabil síðustu þriggja ára á undan.



Hér er fyrir neðan er fjöldi kynferðisbrota sem voru tilkynnt í hverjum mánuði fyrir sig, burt séð frá því hvenær brotið átti sér stað.



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Kynferðisbrot	September 2017		Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
	Meðalt.		Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	35	27	23	31	8	31%	Mikil fjölgun
12 mánaða meðaltal	35	25	18	32	10	41%	Fjölgar

- Alls bárust 63 tilkynningar um heimilisofbeldi í september.
- Fjöldi tilkynninga um heimilisofbeldi í september voru innan útreiknaðra marka miðað við fjölda síðustu sex og síðustu 12 mánaða á undan.
- Tilkynningum um heimilisofbeldisbrot hefur fjölgað um 33 prósent það sem af er ári miðað við meðaltal síðustu þriggja ára á undan.





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Heimilisofbeldi	September	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
	2017		Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	63	60	52	68	3	5%	Innan marka
12 mánaða meðaltal	63	56	47	66	7	12%	Innan marka



Leit að týndum ungmennum

- Alls bárust 14 beiðnir um leit að týndum börnum og ungmennum í september.
- Beiðnum fækkaði í september miðað við útreiknuð neðri mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa borist 50 prósent fleiri leitarbeiðnir en bárust að meðaltali síðustu tvö ár á undan.




Fjöldi verkefna það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Leitarbeiðnir	Ágúst 2017	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	16	26	21	30	-10	-37%	Mikil fækkun
12 mánaða meðaltal	16	22	18	28	-6	-28%	Fækkar




Eignaspjöll

- Í september voru skráðar 138 tilkynningar um eignaspjöll.
- Tilkynningum fjölgaði í september miðað við útreiknuð efri mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Á milli mánaða fjölgaði tilkynningum um veggjakrot, meiriháttar eignaspjöll og öðrum minniháttar eignaspjölum.
- Það sem af er ári hafa borist 12 prósent fleiri tilkynningar um eignaspjöll samanborið við meðalfjölda síðustu þriggja ára á undan.



	sep	okt	nóv	des	jan	feb	mar	apr	maí	jún	júl	ág	sep
Rúðubrot	33	34	41	37	37	41	43	55	56	39	40	39	33
Veggjakrot	10	4	2	6	1	5	2	0	6	8	6	3	5
Önnur minniháttar eignaspjöll	59	84	49	53	77	54	53	73	79	62	64	72	92
Meiriháttar eignaspjöll	3	1	4	1	9	3	1	0	3	4	3	5	8
Eignaspjöll alls	105	123	96	97	124	103	99	128	144	113	113	119	138


Eignaspjöll	September 2017	Meðalt.	Mörk Neðri	Mörk Efri	Breyting frá meðalt. +/-	Breyting frá meðalt. %	Staða breytinga
6 mánaða meðaltal	138	119	105	133	19	16%	Fjölgar
12 mánaða meðaltal	138	114	100	128	24	21%	Fjölgar




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Nytjastuldur ökutækja

- Skráð var 41 tilkynning um nytjastuld á vélknúnum farartækjum í september.
- Tilkynninga um nytjastuldi fjölgaði í september miðað við útreiknuð efri mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa borist um þrjú prósent færri tilkynningar um nytjastuldi miðað við meðalfjölda síðustu þriggja ára á undan.





Nytjastuldir	September 2017		Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
	Meðalt.		Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	41	26	18	34	15	58%	Fjölgar
12 mánaða meðaltal	41	24	18	31	17	68%	Mikil fjölgun



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

- Í september voru skráð 100 fíkniefnabrot á höfuðborgarsvæðinu. Skráðum brotum fækkaði á milli mánaða.
- Skráðum fíkniefnabrotum fækkaði miðað við útreiknuð neðri mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Skráð voru tvö stórfelld fíkniefnabrot í september.*
- Það sem af er ári hafa verið skráð álíka jafn mörg fíkniefnabrot og að meðaltali fyrir sama tímabil síðustu þrjú ár á undan.





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Fíkniefni	September 2017	Meðalt.	Mörk Neðri	Mörk Efri	Breyting frá meðalt. +/-	Breyting frá meðalt. %	Staða breytinga
6 mánaða meðaltal	98	146	124	167	-48	-33%	Mikil fækkun
12 mánaða meðaltal	98	127	101	153	-29	-23%	Fækkar



Umferðarlagabrot


- Skráð voru 698 umferðarlagabrot* í september. Skráðum umferðarlagabrotum fækkaði á milli mánaða.
- Skráðum umferðarlagabrotum fækkaði í september miðað við reiknuð neðri mörk fyrir síðustu sex og 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa verið skráð um 12 prósent fleiri umferðarlagabrot samanborið við meðalfjölda fyrir sama tímabili síðustu þriggja ára á undan.



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Umferðarlagabrot	September 2017	Meðalt.	Mörk Neðri	Mörk Efri	Breyting frá +/-	Breyting frá %	Staða breytinga
6 mánaða meðaltal	698	1.093	1.009	1.176	-395	-36%	Mikil fækkun
12 mánaða meðaltal	698	916	727	1.105	-218	-24%	Fækkar







Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna

- Skráð voru 128 brot þar sem ökumaður var grunaður um akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna í september.
- Skráðum brotum fjölgaði mikið miðað við útreiknuð eftir mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Brotum hefur fjölgað um 60 prósent það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára.

Ölvun við akstur


- Í september voru skráð 78 brot þar sem ökumaður var grunaður um ölvun við akstur.
- Skráðum brotum í september fækkaði miðað við útreiknuð neðri mörk fyrir síðustu sex mánuði á undan.
- Brotum hefur fjölgað um 33 prósent samanborið meðalfjölda fyrir sama tímabili síðustu þriggja ára á undan.



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.




Þróun á löggæslusvæði 1



- Hér er fjöldi afbrota í september borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjá mánuði á svæði lögreglustöðvar 1, sem nær yfir Miðborg, Vesturbæ, Seltjarnarnes, Háaleiti, Hlíðar og Laugardal.

	Ágúst 2017	September 2017	Staða breytinga m.v. 6 mán.	Staða breytinga m.v. 12 mán.
Hegningarlagabrot	437	421	Fjölgar	Mikil fjölgun
Þjófnaður	212	224	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Þjófnaður - innbrot	38	35	Innan marka	Innan marka
Manndráp og líkamsmeiðingar	55	45	Fækkar	Innan marka
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	4	2	Innan marka	Innan marka
Kynferðisbrot	10	9	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	2	3	Fjölgar	Fjölgar
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	53	52	Innan marka	Innan marka
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	19	13	Innan marka	Innan marka
Fíkniefni	55	38	Fækkar	Innan marka
Umferðarlagabrot*	388	225	Mikil fækkun	Fækkar
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	64	36	Fækkar	Innan marka
Ölvun við akstur	44	30	Fækkar	Fækkar
Innbrot á heimili	9	9	Innan marka	Innan marka
Slys	19	15	Innan marka	Innan marka

* Fjöldi umferðarlagabrota að hraðamyndavélum undanskildum.




- Hér er fjöldi afbrota í september borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjá mánuði á svæði lögreglustöðvar 2, sem nær yfir Hafnarfjörð, Garðabæ og Álftanes.

	Ágúst 2017	September 2017	Staða breytinga m.v. 6 mánuði	Staða breytinga m.v. 12 mánuði
Hegningarlagabrot	71	78	Fækkar	Innan marka
Þjófnaður	27	25	Mikil fækkun	Fækkar
Þjófnaður - innbrot	5	7	Innan marka	Innan marka
Manndráp og líkamsmeiðingar	9	12	Innan marka	Innan marka
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	0	0	Innan marka	Innan marka
Kynferðisbrot	1	2	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	0	0	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	13	16	Innan marka	Innan marka
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	6	3	Fækkar	Innan marka
Fíkniefni	7	17	Innan marka	Innan marka
Umferðarlagabrot*	243	115	Mikil fækkun	Fækkar
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	10	17	Innan marka	Innan marka
Ölvun við akstur	12	13	Innan marka	Innan marka
Innbrot á heimili	1	2	Innan marka	Innan marka
Slys	12	9	Innan marka	Innan marka

* Fjöldi umferðarlagabrota að hraðamyndavélum undanskildum.

Þróun á löggæslusvæði 3




- Hér er fjöldi afbrota í september borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjá mánuði á svæði lögreglustöðvar 3, sem nær yfir Breiðholt og Kópavog.

	Ágúst 2017	September 2017	Staða breytinga m.v. 6 mánuði	Staða breytinga m.v. 12 mánuði
Hegningarlagabrot	176	204	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Þjófnaður	98	88	Fjölgar	Fjölgar
Þjófnaður - innbrot	21	25	Fjölgar	Fjölgar
Manndráp og líkamsmeiðingar	16	27	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	1	0	Fækkar	Fækkar
Kynferðisbrot	3	4	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	2	4	Fækkar	Mikil fjölgun
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	20	32	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	7	14	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Fíkniefni	27	20	Fækkar	Innan marka
Umferðarlagabrot*	224	174	Fækkar	Innan marka
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	38	38	Innan marka	Innan marka
Ölvun við akstur	14	22	Innan marka	Innan marka
Innbrot á heimili	9	8	Fækkar	Innan marka
Slys	9	9	Innan marka	Innan marka

* Fjöldi umferðarlagabrota að hraðamyndavélum undanskildum.

Þróun á löggæslusvæði 4



- Hér er fjöldi afbrota í september borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjá mánuði á svæði lögreglustöðvar 4, sem nær yfir Árbæ, Grafarvog, Grafarholt, Mosfellsbæ, Kjalarnes og Kjósarhrepp.

	Ágúst 2017	September 2017	Staða breytinga m.v. 6 mánuði	Staða breytinga m.v. 12 mánuði
Hegningarlagabrot	115	151	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Þjófnaður	38	55	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Þjófnaður - innbrot	9	14	Innan marka	Innan marka
Manndráp og líkamsmeiðingar	16	20	Innan marka	Innan marka
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	1	1	Fjölgar	Innan marka
Kynferðisbrot	1	7	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	1	1	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	27	28	Fjölgar	Fjölgar
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	5	10	Fjölgar	Fjölgar
Fíkniefni	37	22	Mikil fækkun	Mikil fækkun
Umferðarlagabrot *	264	173	Mikil fækkun	Innan marka
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	19	35	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Ölvun við akstur	11	12	Innan marka	Innan marka
Innbrot á heimili	3	4	Innan marka	Innan marka
Slys	5	7	Innan marka	Innan marka

* Fjöldi umferðarlagabrota að hraðamyndavélum undanskildum.

From: Unnur Guðjónsdóttir [mailto:kinaklubbur@simnet.is]
Sent: 9. október 2017 10:46
To: Upplýsingar - Pósthólf Síma
Subject: Börn í Kínasafn Unnar.

Góðan daginn, borgarstjóri og borgarstjórn.

Ég hef áhuga á að sýna börnum safnið mitt, og hef ég þá sérstaklega börnin í Austurbæjarskólanum í huga, sem er nálægur Njálsgötu 33B, þar sem safnið er til húsa.

Það sem börnin hafa uppúr heimsókn í safnið er:

1. Að sjá og virða fyrir sér hluti frá Kína, snerta þá og handleika, sem eru þeim framandi.
2. Að fræðast um Kína, sem land og þjóð, og eru þá dregin fram sérkenni landsins, miðað við Ísland.
3. Að heyra kínverska hljómlist (af disk) og sjá mig dansa kínverskan dans, íklædd kínverskum búningi.
4. Að finna lykt af kínverskum munum, útskornum úr viði (sandeltré, kamfórutré).
5. Að fara uppí 300 ára gamla lokrekkju (6 börn komast í hana í einu).

Heimsóknin myndi vara í ca 45 mínútur, eða eftir því sem kennarar óska eftir.

Fólk frá ykkur, er velkomið að líta inn á safnið, áður en þið "býtið á agnið", bara hafa samband við mig áður í síma: 551 2596. Aðkoman að safninu er mjög góð, hjólastólar komast inn í það, beint frá gangstéttinni.

Ég þarf að taka borgað fyrir svona heimsókn, og ættum við að geta komist að hæfilegri greiðslu.

Með kveðju,

Unnur Guðjónsdóttir, kt 100840-2009

www.kinaklubbur.weebly.com

From: Svandís Ingimundardóttir [mailto:svandis.ingimundardottir@samband.is]
Sent: 9. október 2017 14:36
Subject: „Á ég að gera það“ - skráning hafin á Skólaping sveitarfélaga 2017

Skráning og dagskrá

Skólaping sveitarfélaga verður haldið 6. nóvember nk. undir yfirskriftinni „Á ég að gera það?“ og hefst dagskrá kl. 8:45.

Tvö knýjandi viðfangsefni verða tekin til umfjöllunar á þinginu. Tökum nýjan kúrs. Fyrir hádegi verður fjallað um úttekt Evrópumíðstöðvar á framkvæmd opinberrar menntastefnu hér á landi, hverjir og með hvaða hætti skuli brugðist við niðurstöðum hennar. Hvar eru kennararnir? Eftir hádegi verður sjónum beint að nýliðunarvanda í kennarastétt, hvaða leiðir séu færar til þess að bregðast við honum og undir hverjum það sé komið.

Skólapingið fer fram á Hilton Reykjavík Nordica, því verður streymt og upptökur erinda vistaðar á vef sambandsins að því loknu.

Bestu kveðjur,

Samband íslenskra sveitarfélaga

BORGARSTJÓRN 3. október 2017: Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úttekt á kostnaði og aðgerðum vegna veikinda starfsmanna Reykjavíkurborgar R17100070

Í upphafi kjörtímabils kom í ljós að ekki hafði verið áætlað fyrir miklum veikindakostnaði hjá Reykjavíkurborg og samþykkt var að fara í aðgerðir til að bregðast við. Borgarstjórn samþykkir að teknar verði saman upplýsingar um hvernig brugðist hefur verið við veikindum starfsmanna hjá Reykjavíkurborg. Einnig verði tekinn saman kostnaður vegna þeirra.

BORGARSTJÓRN 3. október 2017: Tillaga borgarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um að skerpa á innkaupareglum Reykjavíkurborgar til að sporna við hugsanlegu kennitölufлакki R17100072

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að hefja endurskoðun á innkaupareglum Reykjavíkurborgar í því skyni að sporna gegn hugsanlegu kennitölufлакki.

Greinargerð:

Á 407. fundi innkauparáðs 8. september 2017, var tekin fyrir afgreiðsla á tilboðum í verk samkvæmt útboði, þar sem meirihluti innkauparáðs ákvað að samþykkja að taka lágsta tilboðinu í verkið, sem nam um 223 milljónum króna. Svo virðist sem ákvörðunin hafi byggt á túlkun skrifstofu borgarlögmanns á tilteknum forsendum sem voru á þann veg að hún teldi að heimilt væri að taka tilboðinu. Sá aðili sem átti næst lágsta tilboðið mótmælti í kjölfarið afgreiðslunni á þeirri forsendu að rekstrarsaga eigenda og stjórnenda lægstbjóðanda sýndi að fyrri félög þeirra og nær sömu eigenda á sama eða hliðstæðu sviði hefðu orðið gjaldþrota. Í mótmælum sínum dró hann í efa hæfi lægstbjóðanda til að fá verkið í ljósi innkaupareglna Reykjavíkurborgar er varða atriði þar sem leitast er við að hafna viðskiptum við aðila sem hafa verið í kennitöluskiptum. Þar var vísað til ákvæða í 28 gr. innkaupareglanna er varða hæfi bjóðenda.

Við skoðun á upplýsingum um fyrirtæki lægstbjóðanda sem þar er vísað til virðast vera ærnar ástæður til að álykta að 6. mgr. 28. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar eigi hér við og á þeirri forsendu hefði því verið „heimilt“ og ástæður til að útiloka lægstbjóðanda frá samningum um umrætt verk. Sýnt er að innkaupareglur Reykjavíkurborgar eru ekki nægilega afdráttarlausar hvað varðar mat á hæfi bjóðenda og því leggja Framsókn og flugvallarvinir fram tillögu um skerpingu á innkaupareglum Reykjavíkurborgar til að geta spornað betur við hugsanlegu kennitölufлакki.

Norðræna húsið
19. desember 2016

Málsnr.: R17020105
Skjalasafn Ráðhúss

14. feb. 2017

Bréfalykill: 0851

Umsókn til Borgarstjórnar Reykjavíkur

Norðræna húsið var vígt árið 1968. Húsið var byggt á lóð Háskóla Íslands og hinn heimspektti arkitekt Alvar Aalto teiknaði bæði húsið og heildarskipulag fyrir umhverfi hússins. Sem hluti af því skipulagi var búin til tjörn fyrir framan húsið, og Aalto kom með tillögur að því hvernig háskólinn gæti bætt við nýjum byggingum og hvernig tengja mætti byggingarnar með stígakerfi. Síðan eru brátt liðin 50 ár og Norðræna húsið er ennþá líflegt menningarhús sem fær u.þ.b. 150.000 heimsóknir á ári. Lóðin umhverfis húsið tilheyrir nú Reykjavíkurborg og metnaðarfull áform um þróun svæðisins liggja fyrir. Þau áform munu án efa hafa í för með sér fleiri gangandi, hjólandi og akandi vegfarendur á öllu svæðinu.

Árið 2012 efndu Norðræna húsið, Háskóli Íslands og Reykjavíkurborg til samkeppni um heildarskipulag fyrir svæðið milli Sturlugötu, Sæmundargötu, Hringbrautar og Njarðargötu. Samkeppnin lagði áherslu á að tengja svæðið betur við aðra borgarluta og skapa stærra samfelld grænt svæði í borginni. Tillaga Landmótunar varð hlutskörpust en verkefnið hefur verið í kyrrstöðu undanfarin ár. Árið 2015 átti Norðræna húsið frumkvæði að verkefni sem við höfum kallað: *Renewing the spirit of Aalto*. Verkefnið snýst um lóðina umhverfis Norðræna húsið.

Þrepaskipta flötin fyrir framan húsið (sem snýr að Esjunni) hefur sigið mikið og er nú á hraðleið ofan í Hústjörn. Þennan hluta er brýnt að laga. Í tengslum við þá framkvæmd langar okkur að búa til gönguleið meðfram tjörninni og gera gangandi vegfarendum þannig kleift að skoða fuglalífið við tjörnina. Norðræna húsið fær fjölda skólahópa í heimsókn allt árið og Vatnsmýrin er vinsæll áfangastaður. Aukin rækt hefur einnig verið lögð við friðlandið í Vatnsmýrinni undanfarin ár í gegnum samstarfsverkefni Norðræna hússins, Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands. Markmiðið var að skapa náttúrulegra umhverfi fyrir fuglana sem verpa í friðlandinu, m.a. með fleiri skurðum og stærra votlendi. Á sama tíma skapaðist tækifæri fyrir almenna borgara að fylgjast með villtu fuglalífi og náttúru miðsvæðis í borginni. Nýir stígar voru lagðir bæði í gegnum og umhverfis friðlandið, en ekki þó við Norðræna húsið (sjá meðfylgjandi kort). Í dag er þess vegna torvelt aðgengi að friðlandinu og tjörninni fyrir m.a. hjólastóla og barnavagna, nema með því að fara leiðina bak við Norðræna húsið. Þessu viljum við breyta til að allir hafir jafnan aðgang að svæðinu í kringum húsið. Okkur langar einnig að breikka stíginn frá Norðræna húsinu að Sæmundargötu og flytja hann nokkra metra í norður þannig að hann mæti gangstéttinni sem liggur frá háskólanum meðfram Sæmundargötu.

Til viðbótar við þessar nauðsynlegu og praktísku framkvæmdir á lóðinni, langar okkur að bæta og fegra umhverfið með því að endurnýja gangstíga með fallegri efnum, planta trjám og runnum,

bæta lýsingu, sem og ramma hliðarnar sem snúa út að götunni þannig að aðkoman sé aðlaðandi og lóðin sé vel tengd öðru opinberu rými í nágrenni hússins.

Norðan við húsið (milli Norræna hússins og miðbæjarins) er Vatnsmýrin, sem er varpland fyrir ýmsar fuglategundir og einkennist af miklu fuglalífi líkt og áður kom fram. Í vinningstillögunni frá 2012 var stóra grasflötin við Vatnsmýrina skilgreind sem náttúrusvæði, en stór hluti hennar er enn nýttur sem bílastæði. Það væri mikil lyftistöng fyrir svæðið ef flötin yrði hluti af samfelldu grænu svæði, ekki síst ef það tengdist Hljómskálagarðinum með göngum undir Hringbraut.

Flötin vestan megin við Norræna húsið hefur verið nýtt fyrir viðburði af ýmsu tagi, svo sem Fund fólksins og Sirkushátíð, en flötin er einnig tilvalið leiksvæði fyrir börn og barnafjöldskyldur. Sunnan megin meðfram Sturlugötu er sólríkt og skjólgott svæði sem býður upp á marga möguleika, en brýnt er að bæta stígasamgöngur á þessum hluta lóðarinnar og hindra að bílum sé lagt í einkastæði hússins og ólöglega allt í kring. Á þessum hluta hyggjumst við planta trjá og runnum, leggja nýja stíga og bæta lýsingu.

Norræna húsið hefur sótt um, og fengið, auka fjárveitingu frá Norrænu ráðherranefndinni til að gera átak í viðhaldi hússins. Við höfum því möguleika á að bera hluta af kostnaði við nýja stíga umhverfis húsið, en við höfum ekki bolmagn til að ráðast í framkvæmdirnar einhliða. Þar sem hagsmunir háskólans, Reykjavíkurborgar og Norræna hússins fara saman þegar kemur að því að skapa fallett, öruggt og vel skipulagt svæði fyrir sívaxandi fjölda vegfarenda umhverfis Vatnsmýrina vonum við að Borgarstjórn sjái ávinning í því að taka þátt í verkefnunum, bæði þeim sem snúa að svæðinu í heild og nánasta umhverfi Norræna hússins. Norræna húsið hefur í samstarfi við arkitektastofuna Tvíhorf og landslagsarkitekta Landmótunar unnið ítarlega áætlun fyrir framkvæmdirnar umhverfis húsið. Við lítum svo á að svæðið gegni mikilvægu hlutverki í borgarlífinu og sé einnig áhugaverður hluti af miðborginni.


Við vonumst til að hægt verði að klára flesta verkþætti á árinu 2017 og að framkvæmdunum verði alfarið lokið vorið 2018 til að svæðið verði vel gróið og komið í endanlegt horf fyrir 18. ágúst 2018 þegar Norræna húsið fagnar 50 ára afmæli. Við óskum hér með eftir þátttöku í kostnaði og samstarfi við Reykjavíkurborg varðandi verkefnið. Sjá meðfylgjandi kostnaðar- og tímaáætlun.

Virðingarfyllt,



Mikkel Harder

Framkvæmdastjóri Norræna hússins



TJÖRN

Núv. gróðurhús

Timburbrýggja

Tröppustígur gránit með stálkanti

Gönguleið

Núv. gróður

Göngustigur hellulögn

NORRÆNA HÚSIÐ

Göngustigur hellulagður

Núv. bílastæði

Pólar

Gönguleið hellulögn

"Þickielákur"

Núv. bílastæði

Stálkantur

Stálkantur

Stálkantur

Stálkantur

Stálkantur

Stálkantur

Stálkantur

Stálkantur

Stálkantur

Stálkantur

Stálkantur

Stálkantur

Stálkantur

Stálkantur

Stálkantur

Stálkantur